

## Svar

### mennta- og barnamálaráðherra við fyrirspurn frá Hildu Jönu Gísladóttur um Vetrariþróttamiðstöð Íslands.

*1. Hver er aðkoma ríkisins að Vetrariþróttamiðstöð Íslands á Akureyri?*

Vetrariþróttamiðstöð Íslands (VMÍ) var stofnuð af menntamálaráðuneytinu, Akureyrarbæ, Íþróttasambandi Íslands og Íþróttabandalagi Akureyrar. Um starfsemi VMÍ gildir reglugerð nr. 362/1995. Vetrariþróttamiðstöðin er þjónustustofnun sem hefur það meginhlutverk að efla vetrariþróttir, íþróttافرæðslu og útivist. Með því er miðstöðinni ætlað að stuðla að heilbrigðu lífi og heilsurækt meðal almennings. Mennta- og barnamálaráðuneytið á einn fulltrúa í stjórn Vetrariþróttamiðstöðvar Íslands, Akureyrarbær á tvo fulltrúa í stjórn auk þess sem Íþróttabandalag Akureyrar og Íþrótt- og Ólympíusamband Íslands eiga einn fulltrúa hvort.

*2. Stendur til að efla Vetrariþróttamiðstöð Íslands með markvissum hætti? Ef svo er, hvernig?*

Ekki hefur verið samningur í gildi um aðkomu mennta- og barnamálaráðuneytisins að starfsemi VMÍ frá árinu 2008. Fast rekstrarframlag til Vetrariþróttamiðstöðvar Íslands hefur ekki verið veitt frá árinu 2019. Til stendur að kanna möguleika á aðkomu mennta- og barnamálaráðuneytis að slíku verkefni.